

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 4/2004**

**frá 6. febrúar 2004**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2003 frá 5. desember 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/70/EB frá 17. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum mekóprópi, mekóprópi-P og própírónasóli <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/565/EB frá 25. júlí 2003 um framlengingu tímabilsins sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/79/EB frá 13. ágúst 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu *Coniothyrium minitans* <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*I. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32003 L 0070**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/70/EB frá 17. júlí 2003 (Stjtið. ESB L 184, 23.7.2003, bls. 9),
- **32003 D 0565**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/565/EB frá 25. júlí 2003 (Stjtið. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 40),
- **32003 L 0079**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/79/EB frá 13. ágúst 2003 (Stjtið. ESB L 205, 14.8.2003, bls. 16).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 88, 25.3.2004, bls. 49 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 25.3.2004, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 184, 23.7.2003, bls. 9.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 40.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 205, 14.8.2003, bls. 16.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2003/70/EB og 2003/79/EB og ákvörðunar 2003/565/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.